

Hryðjuverk í hugarfylgnum. Taugatæknifræði og stjórn hugans

Flestir þekkja yfirvarp innrásar Vesturveldanna í annarra manna ríki; frelsa íbúa og kenna þeim lýðræði - eða varðveita eigið frelsi og lýðræði. Þetta er eins konar vörumerki Bandaríkjamanna og Nató.

Færri gera sér grein fyrir, að ríkisstjórnir Vesturlanda vinna gegn eigin þegnum, að töluverðu leyti, til að ná yfirþjóðlegum markmiðum Sameinuðu þjóðanna og Alheimsefnahagsráðsins (World Economic Forum) - og Evrópusambandsins reyndar einnig, sbr. þróunar- og rannsóknaráætlunina, „Sjóndeildarhring Evrópu“ (Horizon Europe).

Það vakir t.d. fyrir yfirvöldum Evrópusambandsins aðlaga okkur að loftlagsbreytingum, rafmynt, snjallborgum og netöryggi (stafrænt aðgengi að netinu), svo eitthvað sé nefnt. Ofurtölvan og gervigreindin eru mál málanna.

Viðleitni stjórnvalda og ofangreindra aðilja til að ná beinni stjórn á huga vorum og taugakerfi, er á fárra vitorði. Vitundariðnaðurinn er svo sannarlega margfaldur í roðinu.

Þróun þessarar tækni er komin vel á veg. Beint inngríp í hugann og eftirlit er t.d. framkvæmt með stafrænni tækni, rafsegulbylgju-, örgjörva- og tölvuagnatækni (nanotechnology -). Sú síðastnefnda var m.a. notuð við gerð bóluefna gegn covid-19 veirunni. En taugaflöguígræðsla er vissulega líka þekkt.

José Manuel Rodríguez Delgado (1915-2011), var brautryðjandi við flöguígræðslu (chip) í heilabú manna og dýra. Hann skrifaði árið 1969 bókina: „Efnisleg stjórnun hugans: Áleiðis til sálsíðaðs samfélags (Physical Control of the Mind: Toward a Psychocivilized Society). Hann segir m.a.:

„Maðurinn hefur engan rétt til eigin hugþroska. Frjálsslyndisleg viðhorf í þessu efni hafa víðtæka skírskotun. Það verður að raftengja heilann. Sá dagur mun koma, að herjum og hershöfðingjum verði stjórnað við raförvun heilans.“

Aukin þekking í líffræði og tölvutækni býður forsjárhyggju- og stjórnlyndisfólkinu sífellt upp á nýjar aðferðir við notkun tölvuagnstýra eða -ráða (nanobot). Fræðigreinin um þetta kallast tölvuagnfræði (nanobotics). Ofursmáar agnir úr gerviefnum eru forritaðar, svo þær megi örva eðlileg boð líkamans eða yfirtaka þau.

Raymond Kurzweil (f. 1948) hefur líka skrifað bók um efnið; „Sérstaðan er nálæg: Þegar mannkind rýfur múra eðlisins (The Singularity is Near: When Humans Transcend Biology). Hann hefur einnig skrifað um þetta grein í The Guardian.

Agntölvurnar, sem streyma um blóðrásina, má forrita með ýmsum hætti, t.d. til að greina og virkja varnir gegn sjúkdómum, endurræsa frumur eða styrkja, hugsanlega með þeim árangri, að við yrðum ódauðleg. Slík inngrip gera manninn að tölvumenni (transhumanism, cyborg (tölvuvélmenni)), blending lífveru og tölvu. Líftölvuagnfræði heitir sú grein (bionanotechnology).

Agnir (nano eða nanometre eða agnmetri er einn milljarðasti úr metra) voru t.d. notaðar til að koma hluta covid-19 veirunnar inn í frumur líkamans, sem þannig dreifðist með blóðrásinni og virkjaði ónæmiskerfið til varna. Tæknin hefur líka verið notuð til að hnitmiða notkun krabbameinslyfja.

Tékkneski heimspekingurinn og hagfræðingurinn, Mojmir Babacek (f. 1947) hefur skrifað athygliverðar greinar um þessa þróun. Hann hefur sömuleiðis ritað opið bréf til Evrópusambandsins, þar sem hann greinir frá þeirri ógn við frelsi, sjálfræði, sjálfsvirðingu og lýðræði, sem af þessari tækni stafar.

Mojir bendir eins og fyrrgreindur José Manuel, á, að hernaðaryfirvöld hafi líka fengið augastað á þessari tækni. Cornelis van der Klaauw, hollenskur herforingi í Nató og sérfræðingur í herkænskumiðlun (strategic communication), segir til að mynda:

Ástæða þess að fórnarlömbin (target) verða ekki vör við innrásina í huga sinn, er sú, að hún sneiðir hjá árvekni hugans, beinist að ómeðvitaðri deild hans, en þar eru flestar ákvarðanir teknar. Innrásir í fylgsni hugans eiga sér ekki bara stað í vísindaskáldsögum lengur. Þær eru raunverulegar.

Taugatölvutækni (neural nanotechnology) má beita til að koma stjórnráði (nano-sized robot) í blóðrásina, sem tekur sér bólfestu í námunda við tiltekna frumu. Þannig má beintengja heilann við gervigreindartölvu fram hjá vökulum skilningarvitum. Jafnvel þótt vinna megi áfangasigur á öðrum vígvöllum (tactical and operational victory), er mannshugurinn sá einasti vígvöllur, þar sem fullum sigri má ná.

Taugavopnin (neuroweapon) eru vopna farsælust og er beitt gegn einstaklingum, svo og hjörðum (crowd control technology, radio frequency weapons, directed energy weapons). Það er með þessi stríð sem önnur, minnir David Skripac okkur á; þau eiga rót sína í græðgi og hagsmunagæslu (<https://www.bitchute.com/video/fo3pOKatXitc/>).

Þróun taugahernaðartækni er stunduð víða. Hún er samtvinnuð annari þróun á boð- og snjallsviði. Vonir standa til, að sjötta kynslóð snjallsíma- eða boðkerfa (6G) sé þess megnug að tengja taugakerfi fólks beint við alnetið.

Ætli íslenska leyniþjónustan, sem nú er í örum vexti fyrir atbeina núverandi ríkisstjórnar, hugsi sér ekki gott til glóðarinnar?

<https://frettin.is/2022/05/31/tolvuagnastyring-huga-og-heilsu-liftolvuagnfraedi-og-sjalfbaera-saelurikid/>

<https://www.globalresearch.ca/author/david-skripac>

<https://www.globalresearch.ca/our-species-genetically-modified-witnessing-humanity-march-toward-extinction-viruses-friends-not-foes/5763670>

<https://rumble.com/v4gd9rw-trudeau-panics-as-arrest-warrants-issued-against-wef-young-global-leaders.html>

<https://www.globalresearch.ca/moving-toward-global-empire-humanity-sentenced-unipolar-prison-digital-gulag/5818824>

<https://expose-news.com/2024/02/29/horizon-europe-is-a-euphemism-for-technocracy/>

<https://eufunds.me/articles-horizon-europe/>

https://www.globalresearch.ca/if-democracy-win-world-united-nations-organization-must-become-democratic/5826398?utm_campaign=magnet&utm_source=article_page&utm_medium=related_articles

<https://www.globalresearch.ca/peoples-brains-bodies-not-protected-against-attacks-electromagnetic-waves-neurotechnologies/5820193>

<https://www.globalresearch.ca/why-governments-around-world-classify-information-about-effects-pulsed-mirowaves-extra-low-frequency-electromagnetic-waves-human-brains/5839545>

<https://www.globalresearch.ca/let-us-try-save-freedom-democracy/5839838>

https://www.globalresearch.ca/world-competition-control-human-brains-should-stopped/5849422?utm_campaign=magnet&utm_source=article_page&utm_medium=related_articles

<https://www.globalresearch.ca/about-time-stop-world-competition-control-human-brains/5850919>